



## 456. Stjórnarfundur haldinn 21. október 2015 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA) og Guðjón Axelsson (GA).

Fjarverandi: Birgir Már Bragason (BMB).

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ Fræðslu- og verkefnasjóður v/úthlunnar á styrk. **Móttakið.**

### 3. Send bréf.

Engin.

### 4. 49. Sambandsþing UMFÍ Vík í Mýrdal 17. – 18. október 2015.

49. Sambandsþing UMFÍ var haldið í Vík í Mýrdal 17. – 18. október 2015. Keflavík sendi tíu þingfulltrúa til þingsins (full mannaður hópur). Nýr formaður var kjörinn Haukur Valtýsson en Helga Guðrún Guðjónsdóttir lét af formennsku eftir átta ára formannssetu.

### 5. Námskeið.

Námskeiðið „Verndum þau“ var haldið þriðjudaginn 20. október í félagsheimili okkar. Sautján aðilar sátu námskeiðið þar af átta fulltrúar frá Keflavík.

Námskeið í Nora skráningar- og greiðslukerfi verður haldið fyrir stjórnarmenn og þjálfara þriðjudaginn 3. nóvember í félagsheimili okkar kl.17:30.

### 6. Önnur mál.

EH sagði frá fundi sem hann átti með Helga Arnarssyni sviðsstjóra fræðsluviðs og Hafþóri Barða Birgissyni íþrótt- og tómsfundafulltrúa Reykjanesbæjar. EH færði Helga borðfána félagsins á hraunmola. EH fór yfir framtíðarsýn félagsins frá 1994 og til dagsins í dag. Spurði hver staðan væri á samningi sem gerður var við Reykjanesbæ 17. mars 2010 á framkvæmdum á malarvallasvæðinu við Hringbraut. Kom inná hvað það skiptir miklu máli að samskipti bæjarins og íþróttafélagsins séu góð auk annarra hluta er varða íþróttamálin.

EH undirritaði pappíra varðandi prókúruhafa knattspyrnudeildar Keflavíkur.

EH sagði frá því að starfsmaður PRONET kæmi væntanlega á þriðjudaginn 3. nóvember til að skoða aðstæður vegna uppsetningar á myndavél í A-sal.

EH sagði að í framhaldi af námskeiðinu „Verndum þau“ væri ætlunin að setja inn á heimasíðu félagsins aðgerðaáætlun Æskulýðsvettvangsins ásamt öðrum bæklingum. Nokkrar umræður um stefnu félagsins. Einnig hvernig sé staðið að ráðningum á þjálfurum til félagsins. Aðalstjórn leggur áherslu á að allir þjálfarar í starfi hjá félaginu séu með hreint sakavottorð. **Framkvæmdastjóra falið að kanna hvernig þessi mál séu innan félagsins.**

Íþróttabandalag Reykjanesbæjar hefur greitt til okkar styrk sem ÍSAVÍA úthlutaði vegna 2015. **EH lagði til skiptingu á styrknum til deilda félagsins og er hún miðuð við sömu skiptingu og þjálfarastyrkurinn er greiddur eftir. Þessi tillaga var samþykkt.**

EH kom inn á að tölvur á skrifstofum deilda væru allar með XP-stýrikerfi sem er ekki þjónustað lengur. **Framkvæmdastjóra falið að skoða með kostnað við að uppfæra stýrikerfi í þeim.**

EH sagði frá fundi sem hann átti með formönnum sund- og skotdeildar félagsins v/aðstöðu í Sundmiðstöðinni. Ljóst er að deildunum vantar pláss undir sína starfsemi. Nokkrar umræður urðu um staðsetningu á æfingaaðstöðu deilda.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:10

Næsti stjórnarfundur 4. nóvember kl.18:00

Fundinn ritaði BS.



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag, fyrirmyndarfélag ÍSÍ

